

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar á haustvertíð 1983 og vetrarvertíð 1984.

1. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu frá og með 3. nóvember 1983 þar til annað verður ákveðið heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu í íslenskri fiskveiðilögsögu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipskr. nr.	Leyfilegt aflamagn. tonn
Albert GK:31	1046	6.900
Beitir NK:123	0226	9.300
Bergur VE:44	0968	6.600
Bjarni Ólafsson AK:70	1504	8.500
Börkur NK:122	1293	8.600
Dagfari PH:70	1073	6.600
Eldborg HF:13	1525	10.200
Erling KE:45	1361	6.300
Fífill GK:54	1048	7.000
Gígja RE:340	1011	7.300
Gísli Árni RE:375	1002	7.000
Grindvíkingur GK:606	1512	8.500
Guðmundur RE:29	1272	7.900
Guðmundur Ólafur ÓF:91	1020	6.800
Guðrún Porkelsdóttir SU:211	1076	7.300
Gullberg VE:292	1401	6.900
Harpa RE:342	1033	7.000
Hákon PH:250	1059	7.500
Heimaey VE:54	1035	6.600
Helga II RE:373	1018	6.700
Hilmir SU:171	1551	9.200
Hilmir II SU:177	1044	6.800
Hrafn GK:12	1006	7.100
Huginn VE:55	1411	6.900
Húnaröst ÁR:150	1070	7.000
Höfrungur AK:95	1413	7.800
Ísleifur VE:63	1610	7.200
Jón Finnsson RE:506	1283	6.900
Jón Kjartansson SU:111	0155	8.500
Júpiter RE:161	0130	9.200
Jöfur KE:17	0965	6.300
Kap II VE:4	1062	7.200
Keflvíkingur KE:100	0967	6.600
Ljósfari RE:102	0973	6.800
Magnús NK:72	1031	6.600
Óskar Halldórsson RE:157	0962	6.300
Pétur Jónsson RE:14	1069	7.600
Rauðsey AK:14	1030	6.800

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipskr. nr.	Leyfilegt aflamagn. tonn
Sighvatur Bjarnason VE:81	1061	7.200
Sigurður RE:4	0183	9.500
Skarðsvík SH:205	1416	6.900
Skírnir AK:16	0233	6.400
Súlan EA:300	1060	7.500
Svanur RE:45	1029	7.200
Sæberg SU:9	0252	6.900
Sæbjörg VE:56	0989	6.900
Víkingur AK:100	0220	9.300
Víkurberg GK:1	0979	6.700
Pórður Jónasson EA:350	0264	6.500
Pórshamar GK:75	1501	6.900
Örn KE:13	1012	6.800

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

2. gr.

Um jól og áramót eru allar loðnuveiðar bannaðar með eftirgreindum hætti: skipum er óheimilt að láta úr höfn til loðnuveiða eftir 17. desember 1983 og óheimilt er að hefja loðnuveiðar eftir áramót fyrr en á hádegi 4. janúar 1984.

3. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m. a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar m. a. til frystingar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

4. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

5. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

6. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynast fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

7. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann

hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 5. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

8. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1983.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á 11. gr. gjaldskrár Hitaveitu Blönduóss nr. 391

26. október 1977 með síðari breytingum.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er. Skal gjaldið vera hið sama í hvert skipti og verð á einum mínútuliter af heitu vatni frá Hitaveitu Blönduóss, nú kr. 543,00.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1983.

Páll Flygernring.

Guðrún Skúladóttir.